

L Ö G

6

13. nóv.

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsta málsg. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr rikissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 112 27. des. 1951, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Gjört að Bessastöðum, 13. nóvember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

A U G L Ý S I N G

62

5. nóv.

um framlenging viðskiptasamnings milli Íslands og Kúbu.

Hinn 29. september 1958 var undirritaður í Washington samningur um að framlengja viðskiptasamning Íslands og Kúbu frá 3. október 1955 (Stj.tíð., A. 88/1956) til 3. október 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. nóvember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.